

Stjórnarfundur STEFs 7. maí 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 7. maí 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason, Hallur Ingólfsson, Þuríður Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Eyþór Gunnarsson. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerð stjórnarfundar frá 24. Apríl, svo og útdráttur úr fundargerð, voru lögð fram og samþykkt.
- Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson endurskoðandi mætti á fundinn og kynnti ársreikninginn. Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs, sat einnig þennan lið fundarins.

Undir þessum lið var m.a. rætt um þær tekjur sem STEF verður af vegna streymisveita sem ekki hafa eiginlega starfsemi á Íslandi, þótt hægt sé að nálgast þjónustu þeirra hér á landi.

Þá var einnig rætt um framlag STEFs í sjóði, þar sem framlagið hefur verið föst fjárhæð sem ekki hefur fylgt vísitölu. Ákveðið var að taka það mál upp sérstaklega á öðrum stjórnarfundum.

Að loknum nokkrum umræðum og fyrirspurnum var ársreikningurinn borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

- Ársskýrsla lögð fram til kynningar og var hún samþykkt.
- Sjálfsmat stjórnar.

Ekki höfðu borist svör frá öllum stjórnarmönnum fyrir fundinn, en þar sem þetta er síðasti fundur þessarar stjórnar, þá voru niðurstöðurnar engu að síður lagðar fram. Þær voru mjög líkar niðurstöðum síðasta árs og ljóst að stjórnarmenn telja stjórnarstörf ganga vel. Ef fleiri svör berast, verður uppfærð skýrsla send stjórn.

- Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Rætt um fundinn og undirbúning fyrir hann. Lagt var fram lit yfir framboð til stjórnar. Hugmyndir um næsta formann fulltrúaráðs voru lagðar fram. Þá var samþykkt tillaga stjórnar varðandi stjórnarlaun næsta starfsár, svo og rammi fulltrúaráðs um störf stjórnar.

- Önnur mál.

Formaður ræddi samstarf STEFs við SFH innan stjórnar Samtóns.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:10.